



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

CARMINA BURANA

7. FEBRÚAR 2013





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Mozart: 20'00"

Orff: 58'00"

Söngtextar eru á bls. 11.

BAKHJARLAR:

vís



GAMMA

CARMINA BURANA

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 7. FEBRÚAR 2013 » 19:30

Hermann Bäumer hljómsveitarstjóri

Sigrún Hjálmtýsdóttir einsöngvari

Einar Clausen einsöngvari

Hrólfur Sæmundsson einsöngvari

Kór Áskirkju

Söngsveitin Fílharmónía

Magnús Ragnarsson kórstjóri

Gradualekór Langholtskirkju

Jón Stefánsson kórstjóri

W. A. Mozart

Sinfónía nr. 35 í D-dúr, K. 385 „Haffner“ (1782-3)

I. Allegro con spirito

II. Andante

III. Menuetto

IV. Presto

Hlé

Carl Orff

Carmina Burana (1936)

Forsjón, drottning heimsins

I. Vor

Á enginu

II. Á kránni

III. Hirð ástarinnar

Blansiflór og Helena

Forsjón, drottning heimsins



Hermann Bäumer

hljómsveitarstjóri

Þýski hljómsveitarstjórinn Hermann Bäumer (1965) hóf sex ára að læra á píanó í heimabæ sínum Bielefeld í Þýskalandi en síðar bættust selló og básúna við. Bäumer innritaðist í tónlistarháskólann í Detmold árið 1985 þar sem hann einbeitti sér að básúnunni auk þess sem hann nam hljómsveitarstjórn. Ári síðar var hann kominn með sína fyrstu stöðu sem básúnuleikari við sinfóníuhljómsveit er hann var ráðinn bassabásúnuleikari Sinfóníuhljómsveitarinnar í Bamberg. Árið 1992 var Bäumer hlutskarpastur í prufuspili um stöðu 2. og 3. básúnuleikara við Fílharmoníusveit Berlínar sem hann gengdi til ársins 2003 en auk þess var hann virkur meðlimur í bláasarasveit Fílharmoníusveitarinnar eftir að hann lét af starfi í hljómsveitinni.

Meðfram störfum í Berlín nam Bäumer hljómsveitarstjórn við tónlistarháskólann í Leipzig og tækifæri á sviði hljómsveitarstjórnunar rak fljótt á fjörur hans og auknar annir á því sviði gerðu það að verkum að Bäumer sagði starfi sínu lausu í Berlín.

Bäumer hefur starfað frá árinu 2004 í Osnabrück sem tónlistarstjóri þar sem hann hefur getið sér gott orð fyrir verk sín. Sem gestastjórnandi hefur Bäumer stjórnað hljómsveitum á borð við Þýsku kammerfílharmoníunni í Bremen, Sinfóníuhljómsveitinni í Bamberg og Útvarpshljómsveitinni í Osló. Þess utan hefur hann unnið mikið með ungmennasveitum víða um Evrópu og komið fram á fjölda tónlistarhátíða, meðal annars í Heidelberg og Rheingau.

Bäumer hefur áður haldið um tónsprotann hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands, á tónleikum árið 2001 og árið 2007 þar sem *Edda I* eftir Jón Leifs var frumflutt á tónleikum og hljóðrituð í kjölfarið fyrir BIS-útgáfufyrirtækið.



Sigrún Hjálmtýsdóttir

einsöngvari

Sigrún Hjálmtýsdóttir hóf feril sinn á sviði dægurtónlistar. Síðar hóf hún sígilt söngnám við Guildhall School of Music and Drama í London og stundaði framhaldsnám á Ítalíu. Hún hefur tekið þátt í margvíslegum uppfærslum og sýningum, jafnt á sviði sem í kvikmyndum. Frumraun sína á óperusviði þreytti hún í hlutverki dúkkunnar Olympiu í *Ævintýrum Hoffmanns* í Þjóðleikhúsinu. Haustið 2011 söng Sigrún hlutverk Nætur-drottningarinnar í *Töfraflautunni*, fyrstu uppfærslu Íslensku óperunnar í Hörpu, og hlaut í kjölfarið Íslensku tónlistarverðlaunin sem söngkona ársins. Sigrún hefur margoft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands og hefur hún hljóðritað fjóra geisladiska með hljómsveitinni. Árið 2001 söng hún ásamt José Carreras á eftirminnilegum tónleikum í Laugardalshöll og 2005 hlotnaðist henni sá heiður að stíga á stökk með Plácido Domingo á tónleikum hans í Egilshöll. Sigrún var sæmd riddarakrossi hinnar íslensku Fálkaorðu 1995.

Einar Clausen

einsöngvari



Einar Clausen söngvari, slagverksleikari og tónlistarunnandi hefur komið víða við í tónlistinni. Hann hefur komið fram með fjölmörgum kórum og hljómsveitum og sungið einsöng í mörgum mjög ólíkum verkum tónbókmenntanna. Hann hefur sungið einsöng í tónlist Monteverdis, Bellmans, Bachs, Schuberts og verkum Jóns Leifs. Þá hefur Einar sungið hlutverk svansins í *Carmina Burana*, eftir Carl Orff, tenórhlutverkið í *Misa Criolla*, *La Peregrinación* og *Navidad nuestra*, eftir Ariel Ramirez, tenórhlutverkið í *Theresíumessu* Haydns, hlutverk Guðspjallamannsins í *Mattheusarpassiunni* eftir Bach og baritónhlutverkin í *Sálumessu* eftir Gabriel Fauré og *Mass of the Children*, eftir John Rutter, svo fátt eitt sé nefnt. Einar hefur frumflutt verk eftir tónskáldin John Speight og Gunnstein Ólafsson. Hann hefur sungið inn á fjölmargar hljóðupptökur, nú síðast einsöng með Kammerkór Suðurlands í verkinu *A Young Man's Song* eftir Báru Grímsdóttur.



Hrólfur Sæmundsson

einsöngvari

Hrólfur Sæmundsson lauk meistaragráðu í einsöng frá New England Conservatory í Boston vorið 2001 með hæstu einkunn, þar sem aðalkennarar hans voru Susan Clickner og Mark St. Laurent. Áður hafði hann lokið burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Guðmundar Jónssonar og Ólafs Vignis Albertssonar. Hrólfur er um þessar mundir fastráðinn við óperuhúsið í Aachen í Þýskalandi. Á næstunni mun hann syngja við óperuhús í Englandi, Þýskalandi og Bandaríkjunum. Hann var nýlega valinn til að syngja í áheyrnarprufum fyrir Metropolitan óperuna og Covent Garden. Íslenskir óperuunnendur fengu að njóta söng hans síðast í uppfærslu Íslensku óperunnar á *La Bohème* og hlaut Hrólfur lof gagnrýnenda fyrir frammi-stöðu sína. Hrólfur hefur komið fram á fjölda tónleika hérlendis, í Bandaríkjunum, Svíþjóð, Frakklandi, Þýskalandi og Danmörku. Hrólfur er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna sem söngvari ársins 2012.

Söngsveitin Fílharmónía

Þegar Söngsveitin Fílharmónía var stofnuð fyrir rúmum 50 árum voru aðstæður til tónlistarflutnings ólíkar því sem nú gerist. Sinfóníuhljómsveit Íslands hafði þá starfað í tíu ár og þótti áhugafólki og atvinnumönnum nauðsynlegt að stofna kór sem ætlað væri að flytja stór kórverk með hljómsveitinni. Dr. Róbert A. Ottósson gegndi þá forystuhlutverki í tónlistarlífi á Íslandi og fyrir tilstilli hans og annarra var komið á fót félaginu Fílharmóníu, sem skömmu síðar stofnaði Söngsveitina. Fyrstu tónleikar Fílharmóníu og Sinfóníuhljómsveitarinnar voru haldnir í Þjóðleikhúsinu vorið 1960 og var hið alþekkt verk *Carmina Burana* þá frumflutt hér á landi. Kórinn hefur í samstarfi við Sinfóníuhljómsveitina tekið þátt í flutningi fjölmargra sígildra verka eftir meistara tónbókmenntanna eins og Beethoven, Bach, Brahms, Händel, Haydn og Mozart. Yfirlit yfir tónleika Söngsveitarinnar frá upphafi er á heimasíðunni www.filharmonia.is.

Kór Áskirkju

Kór Áskirkju var stofnaður í núverandi mynd haustið 2001. Kórmeðlimir eru allir söngmenntaðir og hafa mikla reynslu í kórsöng. Starf kórsins hefur verið með miklum blóma og hefur kórinn haldið nokkra tónleika á ári við góðan orðstír. Að jafnaði hafa einsöngshlutverk verið í höndum kórfélaga. Á meðal stærri verka á efnisskrá kórsins má telja *Stabat mater* eftir Dvořák, *Gloríu í D-dúr* eftir Vivaldi, *Messu í Es-dúr* eftir Rheinberger, *Missa Brevis* eftir Mozart, *Jólaóratóríu* eftir Saint-Saëns, *Sálu-messu* eftir Fauré, *Messu í G-dúr* eftir Poulenc, *Orgelmessu* eftir Flor Peeters, *Maríumúsík* eftir Anders Öhrwall og *Jóhannesarpassíuna* eftir Bach. Einnig hefur kórinn oft komið fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands, meðal annars í 9. *sinfóníu* Beethovens og *Hringadróttinsinfóníunni* eftir Howard Shore. Að auki hefur kórinn flutt ýmis smærri tónverk, íslensk og erlend, bæði af kirkjulegum og veraldlegum uppruna, þjóðlög og fleira.

Magnús Ragnarsson

kórstjóri



Magnús Ragnarsson stundaði píanónám frá barnsaldri, meðal annars hjá Jónasi Ingimundarsyni og Guðríði St. Sigurðardóttur. Haustið 1999 hóf hann orgelnám í Tónskóla Þjóðkirkjunnar hjá Kára Þormar og tveimur árum síðar hlaut hann inngöngu í kirkjutónlistardeild Tónlistarháskólans í Gautaborg þar sem hann stundaði orgelnám hjá Karin Nelson, söngnám hjá Gunnari Forshufvud og kór- og hljómsveitarstjórn hjá Jan Yngwe. Þá stundaði hann framhaldsnám í kórstjórn hjá prófessor Stefan Parkman við Háskólann í Uppsölum. Hann tók við starfi organista Áskirkju í september 2007 og stjórnar kór kirkjunnar. Magnús tók við stjórn Söngsveitarinnar Fílharmóníu í janúar 2006 og stjórnaði sönghópnum Hljómeyki árin 2006-2012. Hann hefur komið víða fram sem organisti og samið nokkur tónverk en lagt aðaláherslu á kórstjórn og hefur hann stýrt flutningi á mörgum af helstu kórverkum tónbókmenntanna.

Gradualekór Langholtskirkju

Gradualekór Langholtskirkju tók til starfa 1991. Kórfélagar eru á aldrinum 14 - 18 ára og eru miklar kröfur gerðar til þeirra sem fá inngöngu í kórinn. Rúmlega helmingur meðlima kórsins er í söngnámi nú í vetur. Kórinn hefur gefið út geislaþlötturnar: *Ég bið að heilsa, Á jólnum er gleði og gaman, Gradualekór Langholtskirkju (1997), Gradualekór Langholtskirkju (2007) og Með sumar í hjörtunum ungu*. Kórinn hefur farið í tónleikaferðir til Danmerkur, Færeyja, Portúgals, Kanada og Finnlands, þar sem kórinn náði næstbesta árangri barnakóra árið 2002. Í framhaldi var kórnum boðið að taka þátt í Sympatti- kórahátíðinni 2003 en einum kór úr hverri heimsálfu var boðin þátttaka. Í kórakeppni í Tékklandi árið 2009 hlaut kórinn silfur í flokki afburða æskukóra og gull í flokki kammerkóra. Í júní næstkomandi fer kórinn til Spánar.

Jón Stefánsson

kórstjóri

Jón Stefánsson lauk kantorsprófi undir handleiðslu dr. Róberts A. Ottóssonar og einleikaraprófi í organleik hjá dr. Páli Ísólfssyni. Framhaldsnám sótti hann í Tónlistarháskólann í München hjá prófessor Karli Richter og síðar við Tónlistarháskólann í Vín hjá prófessor Michael Radulescu. Jón hefur verið organisti og kórstjóri í Langholtskirkju nær óslitið síðan 1964 og á því innan skamms 50 ára starfsafmæli. Kórauppeldisstarfið í Langholtskirkju á sér enga hliðstæðu hérlendis en í kórnum eru í vetur 215 börn og unglingar; Krúttakór (4 – 6 ára), Kórskóla (7 – 9 ára), Graduale Futuri (10 – 14 ára), Gradualekór Langholtskirkju, Graduale Nobili og Kór Langholtskirkju.





W. A. Mozart

Sinfónía nr. 35 í D-dúr, K. 385 „Haffner“

Árið 1776 var Mozart (1756-1791) beðinn um að semja verk í tilefni brúðkaups sem halda átti í Haffner-fjölskyldunni en fjölskyldan tilheyrði efri lögum samfélagsins, var vellauðug og taldist til broddborgara í Salzburg. Mozart samdi serenöðu sem jafnan er nefnd *Haffner serenáðan* og er á meðal hans þekktustu verka. Verkinu var afar vel tekið og síðar þegar mikið stóð til á ný í Haffner-fjölskyldunni árið 1782 lá beint við að fá Mozart til þess að semja tónverk fyrir tilefnið. Mozart var þá fluttur til Vínarborgar og hafði afar mikið á sinni könnu við að kenna, semja og flytja eigin verk. Hann tók engu að síður að sér verkefnið og var það ekki síst fyrir atbeina föður Mozarts sem líkt og Haffner-fjölskyldan bjó enn í Salzburg og hélt ávallt ágætu sambandi við þau. Mozart afréð að semja aðra serenöðu sem hann gerði í miklum flýti. Líkt og fyrri serenáðan hlaut sú seinni frábærar viðtökur.

Ári síðar vantaði Mozart efni fyrir tónleika sem halda skyldi í Vínarborg og það hann föður sinn um að senda sér nótur af serenöðunni. Sjálfur ritar Mozart í bréfi að hann hafi verið undrandi á hversu gott verkið var en hann sagðist ekkert hafa munað eftir því, slíkar voru annirnar þegar hann samdi verkið. Mozart ákvað að gera sinfóníu úr serenöðunni. Hann bætti við hljóðfærum og lagaði til hér og þar og úr serenöðu varð fjögurra þátta sinfónía. Sinfónían með hröðum ytri köflum og hægari 2. og 3. kafla er frábærlega saminn og sýnir glöggt vald Mozarts á forminu, verk fullþroska ungs manns.

Sinfóníunni var gríðarvel tekið og má færa rök fyrir því að hún sé einskonar vendipunktur í sinfónískum skrifum Mozarts og hafi sett tóninn fyrir það sem koma skyldi.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Haffner sinfónían hefur níu sinnum áður verið flutt af Sinfóníuhljómsveit Íslands. Hún hljómaði í fyrsta sinn árið 1952 undir stjórn Olav Kiellands. Bohdan Wodiczko stýrði flutningi verksins í fjórgang árin 1960 (tvennir tónleikar), 1968 og 1971. Aðrir hljómsveitarstjórar sem verkinu hafa stjórnað eru Igor Buketoff (1964), Vladimir Ashkenazy (1972 og 1973) og Richard Bernas (1994).



Carl Orff

Carmina Burana

Í Ríkisbókasafninu í München er að finna 119 blaðsíðna handrit sem talið er vera frá fyrri hluta 13. aldar. Handrit þetta hefur að geyma ríflega 250 kvæði sem fjalla um lífsins nautnir, drykkju-svall, ástir og örlög. Handritið er jafnan nefnt *Carmina Burana* sem útleggst Söngvar frá Bæjaralandi. Kvæðin veita innsýn inn í hugarheim sem okkur er löngu horfinn. Handritið var varðveitt í aldir í Benediktbeuern, klaustri bæverskra munkna en var síðar afhent Ríkisbókasafninu í München til varðveislu. Handritið kom fyrst fyrir sjónir almennings árið 1847 og varð þýska tónskáldinu Carl Orff (1895-1982) innblástur að senískri kantötu sem ber nafn umrædds handrits.

Orff samdi *Carmina Burana* árið 1936 en fram að þeim tíma hafði hann í tónsmíðum sínum samið krómátíska og þéttofnna tónlist sem er með öllu ólík tónlistinni við texta *Carmina Burana*. Að mörgu leyti má segja að Orff hafið dottið niður á formúlu sem fallið hafi í kramið því *Carmina Burana* er hans langvinsælasta verk og svo vinsælt að Orff er „eins smells tónskáld“ þó svo að hann hafi margt annað samið um daganna.

Verkið er ekki aðeins vinsælasta verk tónskáldsins heldur líklega þekktasta tónverk 20. aldarinnar. Því er ekki úr vegi að velta því fyrir sér hvað veldur slíkri alþýðuhylli. Orff leitar í fornan tónlistararf í verkinu, í stað dúr og moll notar hann kirkjutöntegundir sem gefur verkinu í senn framandi og kunnuglegt yfirbragð. Laglínur og hendingar eru oftast en ekki á fremur afmörkuðu tónsviði en hreyfast fram og aftur í kring um örfáa tóna og úr verður seiðandi útkoma með fornum blæ. Rytmi skilvirk framvinda verksins er sérlega kröftug og tilkomumikil og gegna slagverkshljóðfærin stóru hlutverki.

Allt þetta verður til þess að *Carmina Burana* heldur áfram að heilla nýjar kynslóðir með krafti sínum og dulúð enda birtist verkið okkur reglulega á ólíklegustu stöðum, í bíómyndum, auglýsingum og tölvuleikjum.

Helgi Jónsson

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Carmina Burana hefur verið flutt oftast á Íslandi en tölu er hægt á að festa enda er verkið vinsælt og margir kórar hafa flutt verkið. Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur fimm sinnum áður flutt *Carmina Burana* á tónleikum og var það fyrst flutt af hljómsveitinni árið 1960 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Síðan þá hafa Karsten Andersen (1975), Klauspeter Seibel (1986), Ingólfur Guðbrandsson (1988), Jón Stefánsson (1993) og Rumon Gamba (2010) stjórnað flutningi verksins.

Fortuna Imperatrix Mundi

1. O Fortuna

O Fortuna!
Velut luna
statu variabilis,
semper crescis
aut decrescis;
vita detestabilis
nunc obdurat
et tunc curat
ludo mentis aciem,
egestatem,
potestatem
dissolvit ut glaciem.

Sors immanis
et inanis,
rota tu volubilis,
status malus,
vana salus
semper dissolubilis,
obumbrata
et velata
michi quoque niteris;
nunc per ludum
dorsum nudum
fero tui sceleris.

Sors salutis
et virtutis
michi nunc contraria,
est affectus
et defectus
semper in angaria.
Hac in hora
sine mora
corde pulsum tangite;
quod per sortem
sternit fortem,
mecum omnes plangite!

Forsjón, drottning heimsins

1. Ó, forsjón

Ó, forsjón!
Líkt og tunglið
ertu síhverful,
ýmist vaxandi
eða minnkandi.
Andstyggilegt líf:
fyrst undir ofríki
og svo mildað
eins og verkast vill,
fátækt
og ríkiðómur
bráðna sem ís.

Voldugt
og innantómt
snýst þú gæfuhjól,
fullt illkvittni.
Velferð er hégómi
sem gufar ætíð upp.
Hulið skuggum
og dulum
hrjáirðu einnig mig.
Í þessum leik
bera ég bak mitt
hamsleysi þínu.

Jafnt í heilsu
sem dyggð
er forsjónin mér andsnúin,
ég er útkeyrður
og sligaður
í eilífum þrældómi.
Svo nú skal
án tafar
snerta titrandi strengi.
Hvar sem forsjóninni
lýstur niður
skulu allir gráta með mér!

2. *Fortune plango vulnera*

Fortune plango vulnera
stillantibus ocellis
quod sua michi munera
subtrahit rebellis.
Verum est, quod legitur,
fronte capillata,
sed plerumque sequitur
Occasio calvata.

In Fortune solio
sederam elatus,
prosperitatis vario
flore coronatus;
quicquid enim florui
felix et beatus,
nunc a summo corruui
gloria privatus.

Fortune rota volvitur:
descendo minoratus;
alter in altum tollitur;
nimis exaltatus
rex sedet in vertice
caveat ruinam!
nam sub axe legimus
Hecubam reginam.

Primo vere

3. *Veris leta facies*

Veris leta facies
mundo propinatur,
hiemalis acies
victa iam fugatur,
in vestitu vario
Phebus principatur,
nemorum dulcisono
que cantu celebratur.

2. *Ég græt benjar gæfunnar*

Ég græt benjar gæfunnar
með tár í augum,
því þær gjafir sem hún færði mér
hrifsaði hún til baka.
Sannlega stendur skrifað
að hún sé fagurhærð
en er grípa þurfi tækifærið
sé hún sköllótt.

Í háseti gæfunnar
sat ég hreykinn,
hinum fjölskrúðugustu
blómum krýndur.
Þó ég hafi dafnað vel
hamingjusamur og blessaður
fell ég nú úr sessi
rúinn dýrð.

Gæfuhjólið snýst:
ég fell í skömm,
öðrum er hreykt hátt.
Allt of hátt
situr konungur í háseti.
Megi hann óttast tortímingu!
Því undir öxlinum stendur skrifað
nafn Hekúbu drottningar¹.

Vor

3. *Gleðiríkt andlit vorsins*

Gleðiríkt andlit vorsins
brosir við heiminum.
Harður veturinn flýr
með skott milli fóta.
Skrýddur litadýrð
drotttnar Föbus² yfir ríki sínu.
Ljúfum rómi syngur
skógurinn honum lof.

1 Hekúba var drottning Tróju. Að loknu Trójustríðinu endaði hún ævina sem þræll Grikkja.

2 Föbus vísar til gríska sólarguðsins Apollons.

Flore fusus gremio
Phebus novo more
risum dat, hoc vario
iam stipata flore.
Zephyrus nectareo
spirans in odore.
Certatim pro bravio
curramus in amore.

Cytharizat cantico
dulcis Philomena,
flore rident vario
prata iam serena,
salit cetus avium
silve per amena,
chorus promit virginum
iam gaudia millena.

4. Omnia sol temperat

Omnia sol temperat
purus et subtilis,
novo mundo reserat
faciem Aprilis,
ad amorem properat
animus herilis
et iocundis imperat
deus puerilis.

Rerum tanta novitas
in solemni vere
et veris auctoritas
jubet nos gaudere;
vias prebet solitas,
et in tuo vere
fides est et probitas
tuum retinere.

Ama me fideliter,
fidem meam nota:
de corde totaliter
et ex mente tota
sum presentialiter

Í fangi Flóru³ hvílir
Föbus enn á ný,
brosandi, litskrúðugum
blómum skríddur.
Zefýr⁴ andar
nektarþrungnum blæ.
Keppumst um
verðlaun ástarinnar!

Hörpu líkum rómi syngur
hin ljúfa svala⁵.
Í blómafjöld
kætast engin.
Fuglaskari hefur sig
til flugs yfir þýðan skóg.
Meyjakór lofar
þúsundfaldri sælu.

4. Allt vermir sólin

Allt vermir sólin,
hrein og mild,
opinberar nýjum heimi
andlit apríl.
Til ásta örvast
mannsins sál
og yfir gleðinni ríkir
bernskur guð.

Öll þessi endurfæðing
í gleði vorsins
og vorsins krafti
býður okkur að gleðjast.
Hún sýnir okkur kunnar slóðir
og í vori þínu
er þér rétt og skylt
að halda þínu.

Elska mig staðfastlega,
sjá hve ég er trúr:
af öllu hjarta mínu
og allri sálu minni
er ég með þér

3 Flóra var rómversk gyðja gróandans og vorsins.

4 Zefýr var hinn gríski guð vestanvinda vorsins.

5 Philomena var goðsöguleg persóna sem guðirnir breyttu í svölu.

absens in remota,
quisquis amat taliter,
volvitur in rota.

5. *Ecce gratum*

Ecce gratum
et optatum
Ver reducit gaudia,
purpuratum
florete pratum,
Sol serenat omnia.
Iamiam cedant tristia!
Estas redit,
nunc recedit
Hyemis sevitia.

Iam liquescit
et decrescit
grando, nix et cetera;
bruma fugit,
et iam sugit
Ver Estatus ubera;
illi mens est misera,
qui nec vivit,
nec lascivit
sub Estatus dextera.

Gloriantur
et letantur
in melle dulcedinis,
qui conantur,
ut utantur
premio Cupidinis:
simus jussu Cypridis
gloriantes
et letantes
pares esse Paridis.

jafnvel þótt ég sé víðs fjarri.
Hver sá sem elskar svo heitt
snýst á gæfuhjólinu.

5. *Sjá geðþekkt vorið*

Sjá, geðþekkt
og langþráð
vorið færir gleði á ný.
Fjólublá
skryðast engin.
Sólin lýsir allt upp.
Nú er sorgum lokið!
Sumarið snýr aftur.
Nú dregur úr
heljartökum vetrar.

Nú bráðna
og hverfa
ís, snjór og annað,
vetur flýr
og nú sýgur
vorið brjóst sumars.
Blauður er sá
sem hvorki lifir
né gjarnist
í ríki sumarsins.

Þau fagna
og gleðjast
í sætleik hunangs
sem leitast við
að njóta
launa Kúpíðs⁶:
að skipun Afródítu
skulum við fagna
og gleðjast yfir að vera
jafnokar París⁷.

6 Kúpíð (einnig kallaður Amor) var rómverski ástarguðinn og jafngilti hinum gríska Erosi.

7 París frá Tróju var dauðlegur maður sem fékk að skera úr um það hver gyðjanna væri fegurst: Hera, stríðsgyðjan Pallas Aþena eða kypverska ástargyðjan Afródíta, sem hann lýsti fegursta eftir að hún beraði sig fyrir honum. Að launum veitti Afródíta honum ástir Helenu hinnar fögru (sem síðar leiddi til Trójustríðsins).

Uf dem anger

6. Tanz

7. Floret silva nobilis

Floret silva nobilis
floribus et foliis.

Ubi est antiquus
meus amicus?
Hinc equitavit.
Eia, quis me amabit?

Floret silva undique.
Nah min Gesellen ist mir we.

Gruonet der Walt allenthalben,
wa ist min Geselle also lange?
Der ist geriten hinnen.
O wi, wer sol mich minnen?

8. Chramer, gip die varwe mir

Chramer, gip die Varwe mir,
die min Wengel roete,
damit ich die jungen Man
an ir Dank der Minnenliebe noete.
Seht mich an,
jungen Man!
Lat mich iu gevallen!

Minnet, tugentliche Man,
minnecliche Frouwen!
Minne tuot iu hoch Gemout
unde lat iuch in hohen Eren schouwen.
Seht mich an,
jungen Man!
Lat mich iu gevallen!

Wol dir, Werit, daz du bist
also freudenriche!
Ich will dir sin undertan
durch din Liebe immer sicherliche.
Seht mich an,
jungen Man!
lat mich iu gevallen!

Á enginu

6. Dans

7. Hinn eðli skógur springur út

Hinn eðli skógur springur út
í blóma- og laufskrúði.

Hvar er sá sem
ég unni forðum?
Hann er riðinn burt.
Eia! Hver vill elska mig?

Gervallur skógurinn springur út.
Ég sakna elskhuga míns.

Gervallur skógurinn grænkar.
Hvað tefur elskhuga minn?
Hann er riðinn burt.
Æ, mig auma! Hver vill elska mig?

8. Kaupmaður, gef mér lit

Kaupmaður, gef mér lit,
til að rjóða í kinnar mínar
svo ég geti fengið unga menn
nauðuga viljuga til að elska mig.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

Elskaðu, góði maður
konur sem eru ástar verðar!
Ást auðgar anda þinn
og heldur þér í góðum metum.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

Lof sé þér, veröld,
svo gleðirikri!
Ég mun vera þér trú
vegna ástar þinnar.
Líttu á mig,
ungi maður!
Lof mér að þóknast þér!

9. Reie

Swaz hie gat Umbe,
daz sint alles Megede,
die wellent an Man
allen disen Sumer gan!

Chume, chum, Geselle min,
ih enbite harte din.

Suzer rosenvarwer Munt,
chum un mache mich Gesunt.

Swaz hie gat Umbe,
daz sint alles Megede,
die wellent an Man
allen disen Sumer gan!

10. Were diu werlt alle min

Were diu Werlt alle min
von deme Mere unze an den Rin
des wolt ih mih darben,
daz diu Chunegin von Engellant
lege an minen Armen.

In taberna

11. Estuans interius

Estuans interius
ira vehementi
in amaritudine
loquor mee menti:
factus de materia,
cinis elementi
similis sum folio,
de quo ludunt venti.

Cum sit enim proprium
viro sapienti
supra petram ponere
sedem fundamenti,
stultus ego comparor

9. Hringdans

Þær sem stíga hringdans
eru upp til hópa yngismeyjar.
Þær ætla að vera karlmannslausar
í allt sumar!

Komdu, komdu, ástin mín.
Ég þrái þig.

Sæti rósrauði munnur,
komdu og læknaðu mig.

Þær sem stíga hringdans
eru upp til hópa yngismeyjar.
Þær ætla að vera karlmannslausar
í allt sumar!

10. Ef allur heimurinn væri minn

Ef allur heimurinn væri minn
milli sjávar og Rínar
myndi ég neita mér um hann
fyrir Englandsdrottningu
hvílandi í faðmi mér.

Á kránni

11. Ég brenn að innan

Ég brenn að innan,
logandi af heift.
Beiskjufullur
segi ég við hjarta mitt:
af efni skapaður,
úr dufti frumefnanna,
er ég sem lauf
á vængjum vinda.

Ef það er siður
viturra manna
að byggja sér
hús á bjargi
þá er ég fífl, líkt og

fluvio labenti,
sub eodem tramite
nunquam permanenti.

Feror ego veluti
sine nauta navis,
ut per vias aeris
vaga fertur avis;
non me tenent vincula,
non me tenet clavis,
quero mihi similes
et adiungor pravis.

Mihi cordis gravitas
res videtur gravis;
iocis est amabilis
dulciorque favis;
quicquid Venus imperat,
labor est suavis,
que nunquam in cordibus
habitat ignavis.

Via lata gradior
more iuventutis
inplicor et vitiis
immemor virtutis,
voluptatis avidus
magis quam salutis,
mortuus in anima
curam gero cutis.

12. Cignus ustus cantat

Olim lacus colueram,
olim pulcher extiteram,
dum cignus ego fueram.

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

Girat, regirat garcifer;
me rogas urit fortiter;
propinat me nunc dapifer,

bylgjandi fljót
sem á leið sinni
tekur engum breytingum.

Mig rekur líkt og
stjórnlaust skip
og í forsal vinda er ég
eins og léttur fugl á flugi.
Fjötrar binda mig ekki,
lásar halda mér ekki.
Ég sækist í mér um líka
og geng í lið með óhræsum.

Þyngd hjarta míns
sligar mig.
Það er ánægjulegt að gantast
og sætara en hunang.
Hvað sem Venus⁸ krefst
er mér ljúft og skylt að veita.
Henni dvelst aldrei
í lötu hjarta.

Ég geng hinn breiða veg
eins og ungdóms er síður.
Ég læt undan löstum
og hirði ekki um dyggð.
Ég sæki í holdsins lystisemdir
frekar en frelsun andans.
Sál mín er dauð
svo ég annast um holdið.

12. Söngur svansins á teininum

Eitt sinn lifði ég á vötnum.
Eitt sinn var ég fagur,
er ég var svanur.

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

Matsveinninn snýr mér á teini.
Ég brenn af krafti á bálinu.
Þjónninn færir mig upp á fat.

8 Rómverska ástargyðjan.

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

Nunc in scutella iaceo,
et volitare nequeo
dentes frendentes video:

Miser, miser!
modo niger
et ustus fortiter!

13. Ego sum abbas

Ego sum abbas Cucaniensis
et consilium meum est cum bibulis,
et in secta Decii voluntas mea est,
et qui mane me
quesierit in taberna
post vesperam
nudus egredietur,
et sic denudatus veste clamabit:
Wafna! Wafna!
Quid fecisti sors turpassi?
Nostre vite gaudia
abstulisti omnia!

14. In taberna quando sumus

In taberna quando sumus
non curamus quid sit humus,
sed ad ludum properamus,
cui semper insudamus.
Quid agatur in taberna
ubi nummus est pincerna,
hoc est opus ut queratur,
si quid loquar, audiatur.

Quidam ludunt, quidam bibunt,
quidam indiscrete vivunt.
Sed in ludo qui morantur,
ex his quidam denudantur
quidam ibi vestiuntur,

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

Nú ligg ég á fati
og flýg ei meir.
Ég sé glitta í tennur..

Æ, mig auman!
Orðinn svartur
og krauma af krafti!

13. Ég er ábótinn

Ég er ábótinn í Nautnaklaustri⁹
og söfnuður minn er af drykkjurútum
og ég vil ganga í reglu Desíosar¹⁰
og hver sá sem leitar mín
að morgni dags á kránni
mun að loknum aftantiðum
hrökklast út nakinn
og í því klæðlausa ástandi hrópa:
Vei þér! Vei þér!
Hvað hefurðu gert, grimma forsjón?
Þú sviptir mig
allri lífsgleði!

14. Samverustund á kránni

Þegar við erum á kránni
hugsum við ekki um forgengileikann
heldur flýtum okkur að leik
svo slær alltaf út svita.
Hvað gerist á kránni
þar sem peningar ráða
er efni í spurn,
svo leggið við hlustir.

Sumir voga, sumir drekka,
sumir hegða sér ósæmilega.
En af þeim sem voga
enda sumir klæðlausir,
sumir vinna sér klæðnað,

9 Cucaniensis er goðsögulegt allsnægtaland þar sem smjör drýpur af hverju strái og allt er í öflugmælastíl.

10 Hér gæti verið átt við rómverska keisarann Desíos sem stundaði ofsóknir á kristnum kringum árið 250.

quidam saccis induuntur.
Ibi nullus timet mortem
sed pro Baccho mittunt sortem.

Primo pro nummata vini,
ex hac bibunt libertini;
semel bibunt pro captivis,
post hec bibunt ter pro vivis,
quater pro Christianis cunctis
quinquies pro fidelibus defunctis,
sexies pro sororibus vanis,
septies pro militibus silvanis.

Octies pro fratribus perversis,
nonies pro monachis dispersis,
decies pro navigantibus
undecies pro discordantibus,
duodecies pro penitentibus,
tredecies pro iter agentibus.
Tam pro papa quam pro rege
bibunt omnes sine lege.

Bibit hera, bibit herus,
bibit miles, bibit clerus,
bibit ille, bibit illa,
bibit servis cum ancilla,
bibit velox, bibit piger,
bibit albus, bibit niger,
bibit constans, bibit vagus,
bibit rudis, bibit magus.
Bibit pauper et egrotus,
bibit exul et ignotus,
bibit puer, bibit canus,
bibit presul et decanus,
bibit soror, bibit frater,
bibit anus, bibit mater,
bibit ista, bibit ille,
bibunt centum, bibunt mille.

Parum sexcente nummate
durant, cum immoderate
bibunt omnes sine meta.
Quamvis bibant mente leta,
sic nos rodunt omnes gentes
et sic erimus egentes.
Qui nos rodunt confundantur
et cum iustis non scribantur.

sumir klæðast sekkjum.
Hér óttast enginn dauðann
heldur kastar Bakkusi¹¹ teningum.

Fyrst drekka svallararnir
vínkaupmanninum skál,
aðra fyrir fangana,
þá þriðju fyrir lífið,
fjórðu fyrir kristindóminn,
fimmtu fyrir fallna trúmenn,
sjöttu fyrir lauslátu systurnar,
sjöundu fyrir skóggangsmennina,

áttundu fyrir siðspilltu bræðurna,
níundu fyrir tvístruðu munkana,
tíundu fyrir sæfarana,
elleftu fyrir þrasarana,
tólftu fyrir þá sem iðrast,
þrettánda fyrir ferðalangana.
páfa jafnt sem konungi full
drekka allir hömlulaust.

Húsfreyjan drekkur, húsbóndinn drekkur,
hermaðurinn drekkur, presturinn drekkur,
maðurinn drekkur, konan drekkur,
þjónninn drekkur með þernunni,
sá öri drekkur, letinginn drekkur,
hvítinginn drekkur, svertinginn drekkur,
sá ráðsetti drekkur, flakkarinn drekkur,
heimskinginn drekkur, vitringurinn drekkur,
fátæklingurinn og sjúklingurinn drekka,
útlaginn og aðkomumaðurinn drekka,
drengurinn drekkur, gamalmennið drekkur,
biskupinn og djákninn drekka,
systirin drekkur, bróðirinn drekkur,
kerlingin drekkur, móðirin drekkur,
þessi drekkur, hinn drekkur,
hundrað drekka, þúsund drekka.

Sex hundruð flórínur hrykkju
skammt, ef allir drykkju
hömlulaust úr hófi fram.
Í hversu mikilli gleði sem drukkið er
erum við þeir sem allir skammast yfir,
og því erum við allslausir.
Vei þeim sem bölvu okkur
og nöfn þeirra afmáð úr bók lífsins.

11 Rómverski guðinn Bakkus (sem og Diónýsos hinn gríski) var guð víns og ölvunar.

Cour d'amours

15. Amor volat undique

Amor volat undique,
captus est libidine.
Iuvenes, iuencule
coniunguntur merito.

Siqua sine socio,
caret omni gaudio;
tenet noctis infima
sub intimo
cordis in custodia:
fit res amarissima.

16. Dies, nox et omnia

Dies, nox et omnia
michi sunt contraria;
virginum colloquia
me fay planszer,
oy suvenz suspirer,
plu me fay temer.

O sodales, ludite,
vos qui scitis dicite
michi mesto parcite,
grand ey dolur,
attamen consulite
per voster honur.

Tua pulchra facies
me fay planszer milies,
pectus habet glacies.
A remender
statim vivus fierem
per un baser.

17. Stetit puella

Stetit puella
rufa tunica;
si quis eam tetigit,
tunica crepuit.
Eia!

Hirð ástarinnar

15. Amor fer víða

Amor fer víða
á valdi ástríðunnar.
Yngismenn og -meyjar
rata saman réttilega.

Karlmannslausla stúlkan
fer á mis við alla gleði.
Hún felur myrka nóttina
innst inni
við hjartarætur.
Það eru ömurleg örlög.

16. Dagur, nótt og allt hvað er

Dagur, nótt og allt hvað er
leggst mér í mót.
Af meyjahjali
brest ég í grát
og styn mikinn
og verð, ofar öllu, hræddur.

Ó, þið spottið mig vinir.
Þið vitið ei hvað þið segið.
Hlífið aumingja mér.
Sorg mín er stór.
Ráðleggið mér í það minnsta,
allranáðarsamlegast.

Fegurð andlits þíns
grætir mig þúsundfalt.
Ís í hjarta þér.
Í sárabætur
myndi ég hressast
af kossi.

17. Stóð stúlka

Stóð stúlka
á rauðum kyrtli.
Ef strokið var yfir hann
skrjáfaði kyrtillinn.
Eia!

Stetit puella
tamquam rosula;
facie splenduit,
os eius fioruit.
Eia!

18. Circa mea pectora

Circa mea pectora
multa sunt suspiria
de tua pulchritudine,
que me ledunt misere.

Manda liet, Manda liet
min Geselle chumet niet.

Tui lucent oculi
sicut solis radii,
sicut splendor fulguris
lucem donat tenebris.

Manda liet, Manda liet,
min Geselle chumet niet.

Vellet deus, vallent dii
quod mente proposui:
ut eius virginea
reserassem vincula.

Manda liet, Manda liet,
min Geselle chumet niet.

19. Si puer cum puellula

Si puer cum puellula
moraretur in cellula,
felix coniunctio.
Amore suscrescente
pariter e medio
avulso procul tedio,
fit ludus ineffabilis
membris, lacertis, labii.

Stóð stúlka
sem lítil rós.
Stirndi af andliti
og munni í blóma.
Eia!

18. Að hjarta mér

Að hjarta mér
þrengja andköf
yfir fegurð þinni
er leikur mig grátt.

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

Augu þín lýsa
sem geislar sólar,
sem leiftur eldingar
er lýsir upp myrkrið.

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

Guð gefi, guðirnir gefi
það sem ég hef í huga:
að ég náí að leysa
meydóm hennar úr viðjum!

Elsku Manda, elsku Manda,
ástin mín kemur ekki.

19. Piltur og stúlka

Ef piltur á með stúlku
afvikna unaðsstund
eru samfarir þeirra góðar.
Ástin magnast,
milli þeirra
losnar um hömlur.
Hefst þá heimullegur leikur
í limum, leggjum, vörum.

20. Veni, veni, venias

Veni, veni, venias,
ne me mori facias,
hyrcæ, hyrcæ, nazaza,
trillirivos!

Pulchra tibi facies
oculorum acies,
capillorum series,
o quam clara species!

Rosa rubicundior,
lilio candidior
omnibus formosior,
semper in te glorior!

21. In trutina

In trutina mentis dubia
fluctuant contraria
lascivus amor et pudicitia.
Sed eligo quod video,
collum iugo prebeo:
ad iugum tamen suave transeo.

22. Tempus es iocundum

Tempus es iocundum,
o virgines,
modo congaudete
vos iuvenes.

Oh, oh, oh,
totus floreo,
iam amore virginali
totus ardeo,
novus, novus amor est,
quo pereo.

Mea me confortat
promissio,
mea me deportat
negatio.

Oh, oh, oh...

20. Komdu, komdu, ó komdu

Komdu, komdu, ó komdu!
Ekki láta mig deyjja!
Hopp og hí, trallala!
Dillidó!

Fagurt er andlit þitt,
blikid í augum þínum,
lokkar hárs þíns:
Ó, hve dýrðlegur skapnaður!

Rósinni rauðari,
liljunnni hvítari,
öllu yndislegri,
alltaf skal ég dýrka þig!

21. Á bláþræði

Á bláþræði tilfinninga minna
vega salt
lostafull ást og lítillæti.
En ég kýs það sem ég sé
og legg háls minn undir okið,
gef mig ljúfu okinu á vald.

22. Gleðistund

Það er gleðistund.
Ó, yngismeyjar,
fagnið til samlætis
ungu mönnunum.

Ó, ó, ó,
Ég er að springa út!
Ég brenn allur af
ósnortinni ást!
Þessi nýja ást
er að gera út af við mig!

Mér til léttis
er loforð mitt.
Mér til hneisu
er afneitun mín.

Ó, ó, ó...

Tempore brumali
vir patiens,
animo vernali
lasciviens.

Oh, oh, oh...

Mea mecum ludit
virginitas,
mea me detrudit
simplicitas.

Oh, oh, oh...

Veni, domicella,
cum gaudio,
veni, veni, pulchra,
iam pereo.

Oh, oh, oh,
totus floreo,
iam amore virginali
totus ardeo,
novus, novus amor est,
quo pereo.

23. *Dulcissime*

Dulcissime,
totam tibi subdo me!

Blanziflor Et Helena

24. *Ave formosissima*

Ave formosissima,
gemma pretiosa,
ave decus virginum,
virgo gloriosa,
ave mundi luminar,
ave mundi rosa,
Blanziflor et Helena,
Venus generosa!

Að vetri
er maður þolinmóður.
Andblær vorsins
kveikir lostann.

Ó, ó, ó...

Í mig hleypur gáski
hreinleikans.
Aftur af mér heldur
einfaldleikinn.

Ó, ó, ó...

Kom, frilla mín,
fagnandi.
Komdu, mín fagra,
ég dey!

Ó, ó, ó,
Ég er að springa út,
Ég brenn allur af
ósnortinni ást.
Þessi nýja ást
er að gera út af við mig!

23. *Minn ljúfasti*

Minn ljúfasti!
Ég gef þér mig alla!

Blansiflór og Helena

24. *Heill þér, fegurst meðal kvenna*

Heill þér, fegurst meðal kvenna,
dýrmæti gimsteinn,
heill þér, afbragð meyja,
dýrðlega yngismær,
heill þér, ljós heimsins,
heill þér, rós heimsins,
Blansiflór og Helena¹²,
eðla Venus!

¹² Hér er ástkonu ljóðmælanda jafnað við Helenu hina fögru og kvenhetju rómantísku miðaldasögunnar um Flóris og Blansiflór.

Fortuna Imperatrix Mundi

25. O Fortuna

O Fortuna
velut luna
statu variabilis,
semper crescis
aut decrescis;
vita detestabilis
nunc obdurat
et tunc curat
ludo mentis aciem,
egestatem,
potestatem
dissolvit ut glaciem.

Sors immanis
et inanis,
rota tu volubilis,
status malus,
vana salus
semper dissolubilis,
obumbrata
et velata
michi quoque niteris;
nunc per ludum
dorsum nudum
fero tui sceleris.

Sors salutis
et virtutis
michi nunc contraria,
est affectus
et defectus
semper in angaria.
Hac in hora
sine mora
corde pulsum tangite;
quod per sortem
sternit fortem,
mecum omnes plangite!

Forsjón, drottning heimsins

25. Ó, forsjón

Ó, forsjón!
Líkt og tunglið
ertu síhverful,
ýmist vaxandi
eða minnkandi.
Andstyggilegt líf:
fyrst undir ofriki
og svo mildað
eins og verkast vill,
fátækt
og ríkidómur
bráðna sem ís.

Voldugt
og innantómt
snýst þú gæfuhjól,
fullt illkvittni.
Velferð er hégómi
sem gufar ætíð upp.
Hulið skuggum
og dulum
hrjáirðu einnig mig.
Í þessum leik
bera ég bak mitt
hamsleysi þínu.

Jafnt í heilsu
sem dyggð
er forsjónin mér andsnúin,
ég er útkeyrður
og sligaður
í eilífum þrældómi.
Svo nú skal
án tafar
snerta titrandi strengi.
Hvar sem forsjóninni
lýstur niður
skulu allir gráta með mér!

Söngsveitin Fílharmónía á tónleikum

7. febrúar 2013

SÓPRAN

Ása Sjöfn Lörens dóttir
Ásdis Rósa Þórðardóttir
Áslaug Anna Þorvaldsdóttir
Ásta Björg Björgvinsdóttir
Bára Elíasdóttir
Birna Kristín Eiríksdóttir
Bryndís Jóhannesdóttir
Edda Þöll Kentish
Elva Rakel Jónsdóttir
Erna Hlín Guðjónsdóttir
Guðrún Halldórsdóttir
Harpa Hrund Berndsen
Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Heiðrún Björt Sigurðardóttir
Hildur Pétursdóttir
Hlín Kristbergisdóttir
Jóhanna Helgadóttir
Katrín Dagmar Beck
Katrín Lilja Traustadóttir
Kristín Th. Þórarinsdóttir
Kristina Andersson
Ólöf Guðrún Jónsdóttir
Pálína Sigurðardóttir
Sigríður Geirsdóttir
Sigrún Magnúsdóttir
Sólrun Halla Einarsdóttir
Sólrun Jónsdóttir
Svanhvít Erla Traustadóttir
Þóra Harðardóttir

ALT

Agla Ástbjörnsdóttir
Anna Herdís Pálsdóttir
Anna Jack
Ásthildur Erlingsdóttir
Berglaug Ásmundardóttir
Bryndís Sigtryggsdóttir
Brynja Björk Hinriksdóttir
Elin Ingibjörg Magnúsdóttir
Elinborg Kristjánsdóttir
Guðlaug Kristjánsdóttir
Guðríður Guðmundsdóttir

Helga Þórhallsdóttir
Hulda Hákonardóttir
Jóhanna G. Þórisdóttir
Katrín Gunnarsdóttir
Lilja Árnadóttir
Marta María Friðriksdóttir
Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir
Rannveig Magnúsdóttir
Sigríður Guðmundsdóttir
Sigrún Helga Lund
Sigrún Jóhannsdóttir
Sigurbjörg Stefánsdóttir
Sigurlaug Magnúsdóttir
Sigprúður Gunnarsdóttir
Sólveig Ásgeirsdóttir
Steinunn Anna Sigurjónsdóttir
Ýrr Geirsdóttir
Þóra Hermannsdóttir Passauer
Þóra Marteinsdóttir
Þóra V. Guðmundsdóttir

TENÓR

Eiríkur Kristjánsson
Guðmundur Gauti Kristjánsson
Guðmundur Jens Bjarnason
Gunnar Þorgilsson
Hans Júlíus Þórðarson
Helgi Heiðar Stefánsson
Hólmsteinn Brekkan
Kristján Kristjánsson
Lucien Luísson
Magnús Gíslason
Marjón Benediktsson
Ólafur Guðmundsson
Pétur Eiríksson
Sigurður Freyr Ástþórsson
Tryggvi Helgason
Þorkell Heiðarsson
Þórsteinn Ágústsson

BASSI

Ásmundur Jónsson
Benedikt Friðriksson
Einar Karl Friðriksson
Einar Steingrímsson
Guðmundur Sigþórsson
Guðni Arnar Guðnason
Haukur K. Bragason
Hrafnkell Orri Sigurðsson
Ívar Örn Árnason
Jóhannes Karl Karlsson
Jón Helgason
Kristófer Kvaran
Óskar Þór Þráinsson
Pétur J. Guðlaugsson
Pétur Már Ólafsson
Rögnvaldur Árni Geirsson
Sigmar Hlynur Sigurðsson
Stefán Yngvason
Þórir Andri Karlsson
Þorkell Logi Steinsson
Þorsteinn Þorsteinnsson
Þorsteinn Þorsteinnsson

Kór Áskirkju á tónleikum

7. febrúar 2013

SÓPRAN

Alda Úlfarsdóttir
Ásdís Björk Kristjánsdóttir
Elma Atladóttir
Guðrún Helga Stefánsdóttir
Inga Dóra Stefánsdóttir
Ragnheiður Sara Grímsdóttir
Rakel Edda Guðmundsdóttir
Thelma Hrönn Sigurdórsdóttir
Vigdís Sigurðardóttir

ALT

Anna Hafberg
Bjarney Halldórsdóttir
Elisabet Indra Ragnarsdóttir
Gerður Guðmundsdóttir
Hildur Evlalia Unnarsdóttir
Soffía Stefánsdóttir
Valgerður G. Halldórsdóttir
Þorgerður Einarsdóttir

TENÓR

Hákon Hákonarson
Hjörtur Þorbergsson
Jón Ingi Stefánsson
Magnús Ragnarsson
Oddur Smári Rafnsson
Pétur Húni Björnsson
Skúli Arnlaugsson
Þengill Ólafsson

BASSI

Birgir Tryggvason
Daði Sverrisson
Egill Gunnarsson
Finnbogi Óskarsson
Guðjón Emilsson
Gunnar Emil Ragnarsson
Jón Svavar Jósefsson
Sigurður Árni Jónsson

Kórstjóri Magnús Ragnarsson
Píanisti á æfingum
Guðriður St. Sigurðardóttir
Raddþjálfari Margrét Sigurðardóttir

Gradualekór Langholtskirkju á tónleikum

1. SÓPRAN

Anna Sigrún Gunnarsdóttir
Birta Árnadóttir
Hanna Ágústa Olgeirsdóttir
Harpa Ósk Björnsdóttir
Helena Rakel Óskarsdóttir
Íris Fanneý Sindradóttir
Íva Marín Adrichem
Marta María Arnarsdóttir
Salný Vala Óskarsdóttir
Salóme Sól Norðkvist
Steinunn Þorvaldsdóttir
Vera Hjördís Matsdóttir
Þórhildur S Kristinsdóttir

2. SÓPRAN

Birta Dröfn Valsdóttir
Freyja Jónsdóttir
Halldóra Ósk Helgadóttir
Hulda María Albertsdóttir
Kristín Filippía Stefánsdóttir
María Ása Auðunsdóttir
Natalía Blær Jóhannsdóttir
Rebekka Rut Petersen
Sara Sólveig Kristjánsdóttir
Sólveig Erla Sigurðardóttir
Thelma Sigurhansdóttir
Viktória Kjartansdóttir

ALT

Álfheiður Edda Sigurðardóttir
Edda Kristjánsdóttir
Erna Kanema Mashinkila
Guðný Árnadóttir
Helga Hlín Stefánsdóttir
Jara Hilmarsdóttir
Sigurveig Steinunn Helgadóttir
Sóley Ólöf Rún Guðmarsdóttir
Úlfhildur Eir Jónsdóttir



ENNEMM / SJIA / NM64421

Forvarnir eru málið þegar tryggingar snúast um fólk!

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS

Hljómsveit á tónleikum

7. febrúar 2013

1. FIÐLA

Sif Margrét Tulinius
Zbigniew Dubik
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Pálína Árnadóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Lin Wei
Andrzej Kleina
Laufey Sigurðardóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir

2. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir
Roland Hartwell
Gunnhildur Daðadóttir
Kristján Matthíasson
Christian Diethard
Dóra Björgvinsdóttir
Þórdís Stross
Margrét Þorsteinsdóttir
Mark Reedman
Ólöf Þorvarðsdóttir

VÍOLA

Svava Bernharðsdóttir
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Herdís Anna Jónsdóttir
Vigdís Másdóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Ásdís Runólfssdóttir
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Hrafnkell Orrí Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir
Lovísa Fjeldsted
Inga Rós Ingólfssdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Eydis Franzdóttir

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Ármann Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Brjánn Ingason
Rúnar Vilbergsson
Darri Mikaelsson

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÍANÓ / CELESTA

Anna Guðný Guðmundsdóttir
Valgerður Auður Andrésdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Kjartan Guðnason
Pétur Grétarsson
Ólafur Hólm Einarsson



Vestur um haf

Þriðjudagurinn 26. febrúar kl. 19:30

Sinfóníuhljómsveit Íslands er boðið á Norrænu menningarháttíðina Nordic Cool sem Kennedy Center í Washington DC stendur fyrir dagana 19. febrúar til 17. mars 2013.

Sinfóníuhljómsveit Íslands flýgur vestur um haf með spennandi efnisskrá í farteskinu sem flutt verður í Hörpu fyrir tónleikaförina. Af fjórum tónverkum efnisskrárinnar eru tvö íslensk tónverk. Nýtt verk, *bd*, eftir Hlyn Aðils Vilmarsson og *AERIALITY* eftir Önnu Þorvaldsdóttur. Á efnisskránni eru jafnframt *Píanókonsert í a-moll* eftir Edvard Grieg og *Lemminkäinen-svítan op. 22* eftir Jean Sibelius. Einleikari með hljómsveitinni verður bandaríski píanóleikarinn Garrick Ohlsson en hann vann til fyrstu verðlauna í Chopin-píanókeppninni árið 1970 og síðan þá hefur hann öðlast alþjóðlegan sess sem einleikari.

Sinfóníuhljómsveit Íslands verður með sérstaka skólatónleika í Kennedy Center þar sem Maxímús Músíkús leikur á alls oddi. Tónleikarnir eru haldnir að ósk forsvarsmanna menningarmiðstöðvarinnar og er enginn vafi á því að Maxi á eftir að heilla alla nærstadda upp úr skónum.

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri
Garrick Ohlsson einleikari



Náttfatapartý Sinfóníunnar

Laugardaginn 9. mars kl. 14:00

Það er tilvalið að láta fara vel um sig í náttfatapartíi Sinfóníunnar þar sem falleg næturtónlist og ljúfar kvöldlokkur ásamt vögguvísu hljóma í vel stilltum ljósum Eldborgarsalar Hörpu. Hvað er unaðslegra en að lygna aftur augunum og svífa á vit drauma undir slíkri tónlist.

Eine kleine Nachtmusik er eitt þekktasta verk Mozarts og er þó af nógu að taka. Tónlistin er einstaklega ljúf og lagræn og kemur flestum í gott jafnvægi sem á hana hlusta. En í öllum náttfatapartíum þarf góða draugasögu, eitthvað til að halda fólki vakandi, allavega í smástund. Slíkir spennutónar slæðast með á þessa tónleika en einnig tónlist sem kveður niður allan draugagang. Með titillagi myndarinnar Ghostbusters kveður Sinfóníuhljómsveit Íslands niður alla móra og skottur sem leynast í Hörpu.

Sigurður Flosason vaggar okkur í svefn með vögguvísunni *Sofðu unga ástin mín* og fer með okkur í þjóðsagnarkennt ferðalag með flutningi lagsins *Móðir mín í kví, kví*, þar sem hann galdrar fram ótrúlega töfra úr seiðmagnaða hljóðfærinu sínu.

Gaman er að koma í náttfötunum með uppáhalds bangsann sinn á tónleikana.

Bernharður Wilkinson hljómsveitarstjóri

Trúðurinn Barbara kynnir

Sigurður Flosason saxófónleikari

GAMMA er einn af aðalstyrktaraðilum
Sinfóníuhljómsveitar Íslands



GAMMA er óháð fjármálafyrirtæki sem rekur fjölbreytt úrval
verðbréfa- og fagfjárfestisjóða

Klapparstígur 29, 101 Reykjavík, Sími 519 3300, www.gamma.is



GAMMA

GAM Management hf



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Einar Jóhannesson og fjórir klarínettukonsertar



Nýr hljómdiskur Sinfóníuhljómsveitar Íslands er kominn út.

Á nýjum hljómdisk flytur Einar Jóhannesson, einn fremsti einleikari landsins, fjóra klarínettukonserta með Sinfóníuhljómsveitinni eftir Mozart, Weber, Debussy og Jón Nordal. Hljómdiskurinn er hluti af útgáfuröð með helstu einleikurum úr röðum hljómsveitarinnar og fæst hjá 12 Tónum í Hörpu og víðar.

Diskurinn er tilnefndur til Íslensku tónlistarverðlaunanna 2012 í flokki klassískrar og samtímatónlistar. Sinfóníuhljómsveit Íslands og Einar Jóhannesson eru einnig tilnefnd sem flytjandi ársins í sama flokki.

